

Ár 2022, föstudaginn 13. maí, kl. 12:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Halldóri Brynjari Halldórssyni og Jóhannesi Albert Sævarssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 1/2022

### **Knattspyrnudeild ÍR**

gegn

### **Knattspyrnudeild UMF Víkings**

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

### **dómur.**

#### **I**

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Halldór Brynjar Halldórsson og Jóhannes Albert Sævarsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 2. maí 2022, þar sem úrslitum í leik Víkings Ólafsvíkur og ÍR í B deild í Lengjubikarkeppni karla, sem fram fór þann 26. mars 2022, var breytt og ÍR úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum. Víkingi Ólafsvík var jafnframt gert að sæta sekt samanlagt að fjárhæð kr. 160.000 til KSÍ og þá var Kristjáni Birni Ríkharðssyni gert að sæta leikbanni í keppnum á vegum KSÍ í sex mánuði.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 4. maí 2022 þar sem Víkingur Ólafsvík gerir eftirfarandi kröfur:

Að leikbann Kristjáns Ríkharðssonar verði fellt úr gildi.

#### **II**

Í hinum áfrýjaða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar er málavöxtum lýst á eftirfarandi veg:

Áfrýjandi, Víkingur Ólafsvík hafi notað ólöglegan leikmann í leik liðanna sem fram fór í Ólafsvík þann 26. mars 2022 í Lengjubikar karla, B-deild í riðli 1. Í framangreindum leik hafi Víkingur Ólafsvík notað erlendan leikmann sem ekki hafði leikheimild með liðinu. Hafi umræddur leikmaður leikið í treyju nr. 11 í leiknum. Þess að auki hafi umræddan leikmann ekki verið að finna á leikskýrslu, sem undirrituð hafi verið af fyrirliðum og forráðamönnum liðanna fyrir leik. Í framangreindum leik hafi Kristófer Daði Kristjánsson verið skráður leikmaður nr. 11 en hann hafi ekki spilað umræddan leik.

Í greinargerð áfrýjanda er viðurkennt að umræddur leikmaður hafi ekki verið kominn með leikheimild á þeim degi er leikurinn fór fram. Um hafi verið að ræða erlendan leikmann og hafi verið miklar tafir á að fá tilskilin leyfi, m.a. frá Útlendingastofnun. Þrátt fyrir það hafi verið ákveðið láta leikmanninn spila umræddan leik og þá í þeim tilgangi að hann næði að spila leik með áfrýjanda áður en formlegt keppnistímabil hæfist. Þar sem leikmaðurinn hafi ekki verið kominn með íslenska kennitölu hafi ekki verið hægt að bæta honum á leikskýrslulistann og því hafi annað nafn verið sett inn í staðinn.

Af hálfu áfrýjanda er á það bent að forráðamann ÍR hafi verið upplýstir fyrirfram um framangreint og hafi fengist samþykki þeirra fyrir því að ekki væru gerðar athugasemdir við það. Þá hafi úrslit riðilsins þegar verið ráðin og því hafi niðurstaða leiksins ekki getað haft nein teljandi áhrif.

Af hálfu áfrýjanda er jafnframt tekið fram að félagið telji ekki rétt að einstaklingar fái leikbann í tengslum við málið þar sem um sé að ræða mistök aðila sem gerð eru í sjálfböðavinnu fyrir áfrýjanda.

Mánudaginn 2. maí 2022 kvað aga- og úrskurðarnefnd upp úrskurð í málinu þess efnis að úrslitum í leik Víkings Ólafsvíkur og ÍR í B deild í Lengjubikarkeppni karla, sem fram fór þann 26. mars 2022, var breytt og ÍR úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum. Víkingi Ólafsvík var jafnframt gert að sæta sekt samanlagt að fjárhæð kr. 160.000 til KSÍ og þá var Kristjáni Birni Ríkharðssyni gert að sæta leikbanni í keppnum á vegum KSÍ í sex mánuði.

Miðvikudaginn 4. maí barst skrifstofu KSÍ tilkynning um áfrýjun frá UMF Víkingi á úrskurði aga- og úrskurðarnefndar sem kveðinn var upp 2. maí.

### III

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrirliggjandi gögn málsins. Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 2. maí 2022. Með honum var Kristján Björn Ríkharðsson, sem skráður var forráðamaður á leikskýrslu leiks Víkings Ólafsvíkur og ÍR í B deild í Lengjubikarkeppni karla, úrskurðaður í sex mánaða leikbann frá keppnum á vegum KSÍ. Þá var úrslitum í leik Víkings Ólafsvíkur og ÍR í B deild í Lengjubikarkeppni karla, sem fram fór þann 26. mars 2022, breytt og ÍR úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum. Víkingi Ólafsvík var jafnframt gert að sæta sekt samanlagt að fjárhæð kr. 160.000 til KSÍ. Taldi aga- og úrskurðarnefnd að Víkingur Ólafsvík hafi vísvitandi ranglega fyllt út leikskýrslu í leik Víkings Ólafsvíkur og ÍR með því að falsa nafn og kennitölu þátttakanda. Hafi Víkingur Ólafsvík gengist við brotinu. Því hafi félagið sætt sekt samanlagt að upphæð kr. 160.000,- vegna brotsins í samræmi við reglugerð um knattspyrnumót og reglugerð um deildarbikarkeppni karla.

Áfrýjun Víkings Ólafsvíkur nær einungis til þess hluta niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar er snýr að leikbanni Kristjáns Björns Ríkharðssonar. Því mun dómurinn ekki taka afstöðu til annarra hluta áfrýjaðrar niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Aga- og úrskurðarnefnd byggir leikbann Kristjáns á grein 36.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Greinin er svohljóðandi:

*Þjálfari eða forystumaður sem stuðlar að því að nafn eða kennitala er fölsuð á leikskýrslu skal sæta leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í knattspyrnu í allt að eitt ár.*

Dómurinn telur óumdeilt að nafn og kennitala leikmanns hafi verið falsað á leikskýrslu í leik Víkings Ólafsvíkur og ÍR þann 26. mars 2022. Áfrýjandi hefur gengist við því broti, bæði í greinargerð fyrir aga- og úrskurðarnefnd og í áfrýjun til áfrýjunardómstóls. Liggur því ljóst fyrir að brot megi heimfæra á greinar 36.1. og 36.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Leggur áfrýjunardómstóllinn ríka áherslu á að um er að ræða alvarlegt brot, þar sem vísvitandi er brotið gegn ákvæðum í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Breytir því ekki þó fyrir liggi samþykki gagnaðila.

Hins vegar er það mat áfrýjunardómstólsins að samkvæmt orðanna hljóðan verði grein 36.4. aðeins túlkuð á þann veg að þar heyrir undir þjálfari eða forystumaður félags sem stuðlar að því að nafn eða kennitala sé fölsuð á leikskýrslu. Teljist sannað að nafn eða kennitala hafi verið fölsuð á leikskýrslu fyrir tilstilli þjálfara eða forystumanns skal viðkomandi sæta leikbanni eða banni frá stjórnunarstöfum í allt að eitt ár.

Að mati dómsins og á grundvelli almennra lagasjónarmiða skal viðurlagaákvæði það sem er að finna í grein 36.4. skýrt þröngt. Skýr viðurlagaheimild skal vera fyrir hendi þannig að víst megi telja að háttsemi falli undir lýsingu viðurlagaákvæðisins. Í greinargerð áfrýjanda svo og í öðrum gögnum kemur fram að Kristján Björn er hvorki stjórnarmaður né launaður starfsmaður hjá knattspyrnudeild UMF Víkings. Í hinum áfrýjaða úrskurði byggir niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar um viðurlög, skv. grein 36.4., á því að Kristján Björn Ríkharðsson, sem skráður var sem forráðamaður hjá liði áfrýjanda í umræddum leik, hafi ritað undir og staðfest innihald leikskýrslunnar. Þannig hafi Kristján borið ábyrgð á innihaldi leikskýrslu er varðar lið áfrýjanda.

Það er hins vegar mat dómsins að áður en brot Kristjáns geti verið heimfært undir nefnda grein 36.4. þurfi að skera úr um það hvort hlutverk Kristjáns hjá hlutaðeigandi félagi falli undir það vera hlutverk þjálfara eða forystumanns. Verður ekki ráðið af gögnum málsins að Kristján hafi verið í hlutverki þjálfara hjá hlutaðeigandi félagi né í forystuhlutverki, þrátt fyrir að hafa undirritað leikskýrslu sem forráðamaður hjá liði Víkings Ólafsvíkur. Verður Kristján Björn, sem forráðamaður í umræddum leik, því ekki úrskurðaður í leikbann vegna brots hlutaðeigandi félags, þar sem hlutverk hans og háttsemi fellur ekki ótvírætt undir viðurlagaákvæði greinar 36.4. Ríkar kröfur verður að gera til þess að fella háttsemina undir viðurlagaákvæðið og verður því ekki beitt nema skilyrði þess séu ótvírætt uppfyllt eða háttsemin falli ótvírætt undir verknaðarlýsingu ákvæðisins.

Með vísan til framangreinds er ákvæði úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar um sex mánaða leikbann Kristjáns Björns Ríkharðssonar fellt úr gildi. Úrskurður um sekt knattspyrnudeildar UMF Víkings að upphæð kr. 160.000,- og breytingu á úrslitum í leik Víkings Ólafsvíkur og ÍR þann 26. mars 2022 skal standa óhaggaður.

### **Dómsorð:**

Fellt er úr gildi sex mánaða leikbann sem Kristjáns Björn Ríkharðssonar var úrskurðaður í þann 2. maí 2022. Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 3/2022 skal standa óhaggaður að öðru leyti.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Halldór Brynjar Halldórsson [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]